

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 185/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Árna Árnasyni

(Jón Magnússon hrl.).

Bifreiðir. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur skotið hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1989 að ósk ákærða og af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og lengingar á ökuleyfisviptingu.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er framburður ákærða varðandi drykkju eftir akstur hans 16. október 1987 á reiki. Bar hann fyrst, að hann hefði einungis neytt óáfengs öls, eftir að heim var komið, en síðar, að hann hefði blandað sterkum drykk í ölið. Frásagnir hans um þá blöndun eru einnig mismunandi, og samræmist síðasta skýrsla hans fyrir dómi um þetta ekki niðurstöðum rannsókna á alkóhólmagni í blóði hans og þvagi.

Þegar til þessa er litið og einnig höfð hliðsjón af fyrrgreindum niðurstöðum alkóhólrannsókna og skýrslum vitna, sem raktar eru í héraðsdómi, verður að telja fram komna sönnun fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Y 14488, svo sem lýst er í ákæru, undir áhrifum áfengis, svo að varði við þau ákvæði umferðarlaga, nr. 50/1987, og eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, sem vísað er til í ákær-unni, en dæmt verður hér eftir núgildandi lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 24.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa. Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu ákærða. Einnig er staðfest ákvæði hans um greiðslu sakar-kostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Árnason, greiði 24.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 10. janúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. janúar sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 14. júní 1988, „á hendur Árna Árnasyni, Álfhólsvogi 113, Kópavogi, fæddum 27. mars 1939, í Afríku, fyrir að aka föstudaginn 16. október 1987 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 14488 frá Kársnesbraut í Kópavog að heimili sínu, en þar hafði lögregla afskipti af ákærða stuttu síðar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að föstudaginn 16. október 1987 kom Árni Árnason, ákærði í máli þessu, á bensínafgreiðslu Shell á Kópavogshálsi. Þangað komu einnig tveir lögreglumenn, og veitti annar þeirra ákærða athygli, er hann gekk út úr bensínafgreiðslunni. Vegna áfengislyktar, sem lögreglumaðurinn kvaðst hafa fundið þar inni, og vegna ábendingar afgreiðslumannanna, sem þar voru, fóru lögreglumennirnir að heimili ákærða að Álfhólsvogi 113 og handtóku hann þar vegna grunar um ölvun við akstur. Var farið með hann á lögreglustöð, tók varðstjóri þar af honum skýrslu, síðan á Borgarspítala og þar tekið blóðsýni úr ákærða. Loks var farið með ákærða aftur á lögreglustöð, og lét ákærði þar í té þvagsýni og gaf þar loks skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

Samkvæmt varðstjóraskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni Y 14488 frá vinnustað sínum við Kársnesbraut og heim til sín. Samkvæmt skýrslunni var hann spurður að því, hvort hann hefði verið að drekka áfengi, og svaraði hann því: „Nei, aðeins pilsner.“ Þá kvaðst ákærði hafa drukkið Egils-pilsner og Carlsberg-bjór í vinnunni og heima, en þar hefði hann drukkið hálfa dós af Carlsberg-bjór, eftir að hann hætti að aka.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð er fram í málinu á dskj. nr. 4, skýrði ákærði svo frá við skýrslutöku hjá rannsóknardeild kl. 18.52 sama dag, að hann hefði ekið bifreiðinni Y 14488 frá vinnustað sínum við Kársnesbraut að bensínafgreiðslu Shell á Kópavogshálsi, en þaðan hefði hann ekið heim. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis fyrir akstur bifreiðarinnar, en frá hádegi og þar til hann fór úr vinnunni, hefði hann drukkið einn Egils-pilsner og einn óáfengan Carlsberg-bjór. Hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en fengið sér nokkra sopa af óáfengum Carlsberg-bjór, eftir að hann kom heim.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa 9. mars 1988, og neitaði hann þá að hafa drukkið áfengi fyrir akstur, en eftir aksturinn hefði hann drukkið rúmlega hálft glas af blöndu af Carlsberg-bjór og tvöföldum viskí.

Er ákærði kom fyrir dóm 22. september 1988, skýrði hann svo frá, að hann hefði komið á bensínstöðina á leið sinni heim úr vinnu umræddan dag. Hann kvaðst hafa mætt lögreglumanni, þegar hann var sjálfur á leið út úr bensínafgreiðslunni. Hann sagðist svo hafa ekið heim til sín. Hann hefði ekki drukkið áfengi fyrir akstur annað en léttan pilsner, sem seldur er í verslunum hér. Hann hefði unnið frá kl. 5.30 til kl. 14.30 hinn 16. október 1987 og ekki drukkið áfengi kvöldið áður eða um nóttina. Eftir að hann kom heim, kvaðst hann hafa hitað mat og fengið sér Carlsberg-bjór. Hann hefði held viskí út í bjórinn, ekki miklu, minna en í einföldum drykk. Þegar lögreglumennirnir komu, hefði verið örlítið eftir í glasinu, og hefði hann beðið þá að koma inn og athuga flöskuna og glasið, sem hann hefði drukkið úr. Lögreglumennirnir hefðu komið heim til hans u.þ.b. hálfri klukkustund, eftir að hann kom heim, en þá hefði hann verið búinn að borða og drekka úr heilu glasi. Hann mundi ekki, hvað klukkan var, þegar hann fór úr vinnunni, en líklega hefði klukkan verið hálfþjögur eða fjögur. Hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í sama þinghaldi voru bornar undir ákærða lögregluskýrslur þær, sem getið er hér að ofan. Ákæri kvaðst ekki vita, hvers vegna það kæmi ekki fram í þessum skýrslum, að hann hefði drukkið áfengi, eftir að hann kom heim. Hann kvaðst líklega hafa misskilið spurningar lögreglumannanna.

Vitnið Björn Úlfarsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og skýrði þá svo frá, að hann hefði fundið vínlykt á bensínafgreiðslunni, er hann var

þar staddur umræddan dag. Hann kvaðst hafa spurt tvo afgreiðslumenn, sem þar voru, af hverju þessi vínlykt væri, og hefðu þeir bent á ákærða, en lögreglumaðurinn kvaðst áður hafa mætt ákærða, þegar ákærði var á leið út. Ekki kvaðst vitnið hafa fundið vínlykt af ákærða. Þeir lögreglumennirnir hefðu farið heim til ákærða að Álfhólsvegi og verið komnir þangað u.þ.b. 6-7 mínútum, eftir að vitnið mætti ákærða í dyrunum á bensínafgreiðslunni. Þeir hefðu talað við ákærða við dyrnar, en hann hefði farið með þeim út í lögreglubílinn og síðan á lögreglustöð. Ákærði hefði sagt, að hann hefði drukkið pilsner eða útlendan bjór, eftir að hann kom heim, en ekki mundi vitnið eftir því, að ákærði hefði beðið þá að koma inn til að athuga glasið eða flöskuna, sem hann sagðist hafa drukkið úr. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða en fundið af honum áfengislykt. Vitnið og ákærði voru samprófaðir um þann tíma, sem hvor um sig hélt fram, að hefði liðið, frá því að ákærði kom heim og þar til lögreglan kom þangað, og náðist ekki samræmi í framburð þeirra.

Vitnið Jóhann Magnús Hafliðason lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið í lögreglubifreiðinni við bensínafgreiðsluna, þegar Björn Úlfarsson lögreglumaður fór þangað inn. Þegar Björn hafi komið út í bílinn aftur, hafi hann sagt, að áfengislykt hafi verið af manninum, sem þar hafi verið, en var þá farinn. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir þessum manni, en Björn hafi þekkt hann og vitað, hvar hann átti heima. Þeir hafi farið heim til mannsins og spurt hann, hvort hann hafi verið að koma heim og hvort hann hafi verið á bifreiðinni. Hann hafi svarað því játandi, en þeir hafi beðið hann að koma með sér út í lögreglubifreiðina, vegna þess að af honum hafi verið áfengislykt. Ekki kvaðst vitnið hafa séð önnur einkenni um áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa farið inn til ákærða, en glas hefði staðið á borði þar inni með einhverjum drykk í, og hefði glasið verið u.þ.b. hálf. Vitnið kvaðst ekki hafa gengið úr skugga um það, hvað verið hefði í glasinu. Vitnið mundi ekki eftir, að ákærði bæði þá lögreglumennina að athuga, hvort hann hefði verið að drekka áfengi heima, en verið gæti, að hann hefði haft orð á þessu á lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða í lögreglubifreiðinni, hvort hann hefði verið að drekka, en ákærði sagt, að hann hefði ekkert drukkið nema bjór, eftir að hann kom heim. Þá sagði vitnið, að akstur þeirra lögreglumannanna heim til ákærða hefði ekki tekið nema 3-4 mínútur, en þeir hefðu haft u.þ.b. 5 mínútna viðdvöl á bensinstöðinni.

Vitnið Eiríkur Tómasson rannsóknarlögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið kallaður út sérstaklega til að taka skýrslu af ákærða vegna máls þessa. Hann kvaðst muna eftir, að ákærði hefði við skýrslutöku neitað að hafa drukkið áfengi fyrir og eftir akstur. Vitnið kvaðst hafa bent ákærða á, að öndunarsýni og áfengislykt

bentu til, að hann hefði neytt áfengis, en ákærði neitað því alveg eindregið að hafa neytt áfengis, hvorki fyrir né eftir akstur, og hefði ákærði vírst alveg skilja spurningar vitnisins. Vitnið sagði, að af ákærða hefði verið áfengislykt, en ekki sést á honum áfengisáhrif.

Vitnið Gróa Hákonardóttir hefur komið fyrir dóminn. Skýrði hún þá svo frá, að hún hefði unnið þarna á bensínafgreiðslunni, þegar atvik þau gerðust, sem hér að fram er lýst. Hún sagði, að ákærði hefði komið þar inn, en hann kæmi á bensínafgreiðsluna nokkuð reglulega. Lögreglumaður hefði svo komið, eftir að ákærði fór út, eða um það leyti, sem hann fór út. Lögreglumaðurinn hefði haft orð á því, að vinlykt væri þar inni, og tekið gosflösku, sem vitnið var með, og þefað af henni. Hún kvaðst hafa svarað lögreglumanninum því, að þau væru ekki að drekka í vinnunni. Hún kvaðst sjálf hafa fundið áfengislykt, en ekki komið svo nálægt ákærða, að hún gæti sagt til um, hvort lyktin væri af honum. Ekki kvaðst hún hafa séð nein áfengisáhrif á ákærða.

Vitnið Leó Ottósson afgreiðslumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að ákærði hafi komið á bensínafgreiðsluna umræddan dag og tekið bensín, en vitnið kvaðst vinna þar. Lögreglumaður hafi komið þar inn, en þá hafi ákærði farið út. Lögreglumaðurinn hafi haft orð á því, að vinlykt væri þarna inni, en stúlkan, sem þarna vann einnig, hafi verið að drekka einhvern gosdrykk. Stúlkan hafi svarað því svo, að þau drykkju ekki áfengi í vinnunni. Vitnið kvaðst hafa fundið áfengislykt og taldi hana hafa verið af ákærða. Lyktin hafi verið greinileg og allt of sterk til þess, að hún hefði getað verið vegna neyslu á pilsner eða öli með sambærilegu alkóhólmagni. Ekki gat vitnið sagt til um, hvort önnur merki um áfengisneyslu hefðu verið sjáanleg á ákærða.

Vegna rannsóknar málsins beindi dómariinn þeirri fyrirspurn til rannsóknarstofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, hvort unnt væri að segja til um alkóhólmagn í blóði ákærða, er hann ók bifreiðinni umræddan dag, en samkvæmt blóðtökuvottorði var blóðsýni tekið úr ákærða til alkóhólrannsóknar þann dag kl. 17.40 og þvagsýni nokkru síðar. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði 1.05‰, en í þvagi 1.19‰. Í svarbréfi Þorkels Jóhannessonar, sem dags. er 9. desember sl. og lagt er fram sem dskj. nr. 6, segir m.a. að ef einhver vafi leiki á því, „hvert magn etanóls hafi verið í blóði 1-2 klst. áður en sýnið var tekið, er líklegt, að magn etanóls í þvagi, eins og það liggur fyrir í gögnum málsins, hefði getað verið svipað og það var þá í blóðinu“.

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn, en þar er þess krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun að mati réttarins.

Niðurstöður.

Ákærði hefur neitað því að hafa neytt áfengis fyrir akstur bifreiðarinnar Y 14488 16. október 1987. Samkvæmt vitnisburðum, sem liggja fyrir í málinu, fann lögreglumaðurinn, sem kom á bensínafgreiðsluna um það leyti, sem ákærði fór þaðan út, áfengislykt þar inni, og afgreiðslumaðurinn, sem þar var, taldi áfengislyktina hafa verið af ákærða og að lyktin hefði verið greinileg og of sterk til þess, að hún hefði getað verið vegna neyslu á pilsner eða sambærilegu öli. Niðurstöður úr alkóhólrannsókn á blóðsýni og þvag-sýni úr ákærða svo og ályktun Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns rannsóknarstofu í lyfjafræði, þykja sýna, að alkóhólmagn í blóði ákærða hefði verið yfir 0.50‰ á þeim tíma, er hann ók bifreiðinni.

Ákærði hefur við yfirheyrslur fyrir dómi haldið því fram, að hann hafi einungis drukkið áfengi þennan dag, eftir að akstri lauk. Í því sambandi verður að líta til þess, að sá framburður er ekki í samræmi við skýrslur þær, sem hann gaf hjá lögreglu sama dag, en samkvæmt þeim skýrslum og framburði vitnisins Eiríks Tómassonar rannsóknarlögreglumanns kvaðst ákærði ekkert áfengi hafa drukkið, hvorki fyrir akstur né eftir að akstri lauk. Einnig ber að líta til þess, að samkvæmt vitnisburði lögreglumannanna fyrir rétti, þeirra Björns Úlfarssonar og Jóhanns Magnúsar Hafliðasonar, hafa aðeins liðið nokkrar mínútur, frá því að ákærði fór af bensínstöðinni og þar til lögreglumennirnir komu heim til hans. Með vísan til alls þessa verður því að teljast sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1966 28/6 Sátt: 400.00 kr. sekt f. brot g. 17. gr. og 50. gr. umfl.
 1972 29/3 Dómur: Sýknaður af meintu broti g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl.
 1976 10/2 Dómur: 12 daga varðhald f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr., umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá d.b. 2/3 1976.
 1981 18/11 Dómur: 4.500,00 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 13/11 '80.
 1983 12/12 Veitt ökuleyfi að nýju.

Ítrekunarhrif fyrri brota eru fallin niður samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir þeim refsilagaákvæðum, sem sakfelld er fyrir, sekt í rikissjóð, að fjárhæð 16.000,00 kr., og komi

átta daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þeirra lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn fjórir mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 44.000,00 kr., þ.m.t. söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Árnason, greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 16.000,00 kr., og komi átta daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl. samtals 44.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
